

Kópavogsbær
b.t. félagsmálastjóra
Fannborg 2
200 Kópavogi



Reykjavík, 6. október, 2021

Umsókn um rekstrarstyrk fyrir árið 2022

Kvennaathvarfið í Reykjavík hefur frá stofnun verið skjól fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis. Dvalarkonum sem þess óska, stendur til boða aðstoð við taka þau skref sem nauðsynleg eru til að yfirgefa ofbeldissambandið auk þess sem konurnar nýta sér yfirgripsmikla þekkingu og reynslu starfandi ráðgjafa á hverjum degi. Það sem af er ári 2021 hafa 83 konur dvalið í athvarfinu með 73 börnum sínum. Ráðgjafaviðtöl án dvalar hafa 154 konur nýtt sér í 603 viðtölum. Til viðbótar sinna ráðgjafar athvarfsins viðtalsþjónustu í Bjarkarhlíð og í Kvennaathvarfinu á Norðurlandi, en öllum konum stendur til boða símaráðgjöf sem veitt er allan sólarhringinn.

Árið 2020 hófu Samtök um kvennaathvarf tilraunaverkefni með nýtt athvarf á Akureyri. Þetta verkefni er enn í gangi og verður a.m.k. út árið 2021.


Í Kvennaathvarfinu hafa stundum ílengst konur og börn þeirra sem hafa þurft að flýja heimili sín vegna ofbeldis, vegna þess hreinlega að þær hafa ekki átt kost á öðru heimili. Samtök um kvennaathvarf hófu því fyrir nokkrum árum byggingu nýs áfangaheimilis fyrir þær konur og börn þeirra sem svona er statt fyrir. Um miðjan októbermánuði munu fyrstu leigjendur okkar flytja inn á nýju heimili sín.

Á síðustu áratugum hefur verið að koma sífellt betur í ljós hversu neikvæðar afleiðingar það hefur fyrir börn að búa á ofbeldisheimilum og gætir áhrifanna stundum allt lífið, ef ekki er gripið inn í. Við höfum því markvisst unnið að því að bæta þjónustu við börn og var í því skyni árið 2020 ráðinn félagsráðgjafi með mikla starfsreynslu úr barnavernd til að sinna sérstaklega þörfum barna sem dvelja í athvarfinu, hlúa að þeim og koma áfram í viðeigandi úrræði. Markmiðið er að vinna að aukningu lífgæða barnanna í nútíð og framtíð, stuðla að því að dvölin sé sem ánægjulegust en jafnframt að aðstoða mæður og börn þeirra við að vinna gegn afleiðingum ofbeldisins.

Sveitarfélög hafa hingað til verið öflugir stuðningsaðilar kvenna og barna sem sækja skjól til Samtaka um kvennaathvarf og er það von okkar að svo verði áfram. Í því skyni óskum við eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2022 að fjárhæð kr. 1.000.000.

Ársskýrslur Samtaka um kvennaathvarf er hægt að nálgast á heimasíðu athvarfsins, kvennaathvarf.is.

F.h. Samtaka um kvennaathvarf


Brynhildur Jónsdóttir, rekstrarstýra
brynhildur@kvennaathvarf.is